

Hvalfjarðarsveit
Innrimel 3, Melahverfi
301 Akranes



Reykjavík 18. október 2015
UST201509-171/K.S.J.
10.04.02

Efni: Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008 - 2022


Vísað er til erindis skipulag- og umhverfisfulltrúa Hvalfjarðarsveitar er barst 22. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008 – 2022. Í tillögunni felst breytt stefnumörkun um landbúnaðarsvæði.


Í lýsingu kemur fram að tilgangur og meginmarkmið með áætlaðri breytingartillögu er að gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu íbúða- og frístundasvæða á landbúnaðarsvæðum. Í gildandi aðalskipulagi er ekki gert ráð fyrir frekari uppbyggingu íbúða- og frístundasvæða á landbúnaðarsvæðum.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að í tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu 2014 – 2026 sem liggur fyrir Alþingi og er til meðferðar hjá umhverfis- og samgöngunefnd kemur eftirfarandi fram í lið 2.1.1: „*Sjálfbær byggð í skipulagsáætlunum: Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. Í dreifbýli tengist fjölgun íbúða fremur búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi.*“

Að mati Umhverfisstofnunar ætti að stefna að því að íbúðahverfi séu ekki of dreifð og beina eingöngu fjölgun íbúða er fylgja búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi á landbúnaðarsvæði.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur